

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Hús atvinnulífsins, fundarherbergið Kjarni á 1. hæð

Dagsetning: 27. maí 2019

Tími: 8:00 til 10:00

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Lilja Bjarnadóttir (LB), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP). Þá var framkvæmdastjóri félagsins, Hrafnhildur Hafsteinsdóttir (HH) viðstödd fundinn.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Skipulag stjórnarstarfa
3. Starfsreglur stjórnar
4. Hreyfiaflsverkefni
 - Jafnvægisvog FKA
 - Fjölmíðlaverkefni FKA
 - MeToo málefni stjórnar
 - Stjórnarverkefnið
5. Heimasíða FKA og samningur við Visku
6. Viðburðir haustsins
7. Önnur mál

Nýr formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður Árnadóttir, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar, sérstaklega nýjar stjórnarkonur. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun þessarar fyrstu fundargerðar nýrrar stjórnar var í höndum HRÁ, ÁG og SHP.

1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins ásamt því að fara yfir verkefnayfirlit stjórnar og mögulega verkaskiptingu.

2. Skipulag stjórnarstarfa

Skipað var í formleg hlutverk; varaformaður var kosinn Ragnheiður Aradóttir, gjaldkeri var kosinn Lilja Bjarnadóttir og ritari verður Sigríður Hrund Pétursdóttir.

3. Starfsreglur stjórnar

Ákveðið var að rýna starfsreglur stjórnar og verða þær lagðar fyrir með tillögum til endurbóta fyrir næsta stjórnarfund. Rýni tóku að sér SHP, ÁG og LB.

4. Hreyfiaflsverkefni

Jafnvægisvog FKA – Hildur Árnadóttir formaður LeiðtogaAuða mun leiða verkefnið fyrir hönd FKA og tengiliður stjórnar verður RA.

HRÁ var falið að ganga til samninga við Evu Rún Michelsen um verkefnastjórn Jafnvægisvogar FKA í stað Evu Magnúsdóttur sem sagði sig frá verkefninu. Í ljósi þess hve mikilvægt er að hefja nú þegar stýringu verkefna sem tengjast Jafnvægisvoginni er unnið á grundvelli undanþágu frá innkaupareglum FKA með

samþykki allra stjórnarkvenna til að tryggja samfellu í framgöngu og rekstri Jafnvægisvogarinnar.

Jafnvægisvogarráð vill fjölga fundum og er stefnt að mánaðarlegum fundum á komandi starfsári.

Fjölmiðlaverkefni FKA – HRÁ verður tengiliður við stjórn FKA. Fundur verður haldinn 6. júní n.k. með RÚV vegna verkefnisins. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að nýr verkefnastjóri verði kynntur til leiks.

MeToo málefni stjórnar – beinir sjónum að forvörnum og framtíð. Verkefnið er unnið í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Tengiliður við stjórn FKA er MJN.

Stjórnarverkefnið – HRÁ kynnti undirbúning að rafrænu markaðstorgi fyrir fólk í atvinnulífinu sem hefur áhuga, getu og vilja til að sitja í stjórnnum. Verkefnið hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma og þegar hefur hafa verið haldnir fundir með nokkrum mikilvægum hagsmunaaðilum. Stjórn FKA telur mikilvægt að fylgjast vel með verkefninu.

Rætt var um að nauðsynlegt væri að umboð til athafna/skipunarbréf lægi fyrir þegar konur taka að sér verkefni fyrir hönd stjórnar FKA. ÁG mun útbúa drög að slíku bréfi og leggja til samþykktar stjórnar.

5. Heimasíða FKA og samningur við VISKU

Samningur við VISKU liggur fyrir á sameiginlegu drifi fyrir fundinn. Ekki gafst tími til að fjalla um málið á fundinum. Umræðum frestað til næsta fundar.

6. Viðburðir haustsins (HH)

Hrafnhildur fjallaði um þá helstu viðburði sem á döfinni væru hjá félaginu:

- **Opunarviðburður starfsársins 2019-2020 staðfestur 5. september 2019**

Sigríður Snævarr í Utanríkisráðuneytinu tekur á móti FKA.

- **Haustferð FKA verður farin 21.-22. september 2019**

Haustferð FKA 2018 verður farin í Hvalfjörðinn á Hótel Glym. Ferðanefndin er að störfum og verður ferðin auglýst nánar í júní.

- **Stefnumótunardagur FKA 2019**

Stefnumótunardagur FKA 2019 er áætlaður 9. nóvember nk. Vinnuhópur til undirbúnings að stefnumótunardegi var stofnaður innan stjórnar og í honum eru SHP, RA, ÁG, LB og HH.

- **Haustferð FKA 2020**

Verður skipulögð þegar á líður veturinn af Alþjóðanefnd FKA.

7. Önnur mál

a. Verkaskipting stjórnar

Farið var yfir fyrstu drög að verkaskiptingu innan stjórnar:

ÁG – skipunarbréf, verkefnahópur stefnumótunardags.

HRÁ –tengiliður í Fjölmíðlaverkefni og stjórnarverkefni.

LB – verkefnahópur stefnumótunardags.

MJN – tengiliður við alþjóðanefnd, tengiliður í MeToo verkefni, efling landsbyggðardeilda.

RA –tengiliður í Jafnvægisvog, verkefnahópur stefnumótunardags.

SHP –verkefnahópur stefnumótunardags.

Fundi slitið kl. 10:00.

Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum